

STJÓRNARTÍÐINDI C 1 — 1981

15. janúar 1981.

1

Nr. 1.

AUGLÝSING

um gildistöku breytingar frá 16. október 1974 á samningnum um alþjóðaflugmál frá 1944.

Hinn 15. febrúar 1980 tók gildi breyting sem gerð var 16. október 1974 á 50. gr. a-lið samningsins um alþjóðaflugmál (stofnskrár Alþjóðaflugmálastofnunarinnar) frá 7. desember 1944, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum, C-deild, nr. 18/1975.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 15. janúar 1981.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

15. janúar 1981

Nr. 2.

AUGLÝSING

um viðbótarbókun við samninginn við Efnahagsbandalag Evrópu vegna aðildar Grikklands að bandalaginu.

Hinn 6. nóvember 1980 var undirritaður í Brussel viðbótarsamningur við samninginn milli lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu vegna aðildar lýðveldisins Grikklands að bandalaginu, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum, C-deild, nr. 2/1973. Viðbótarsamningurinn tók gildi 1. janúar 1981 í samræmi við 12. gr. hans. Alþingi hafði með ályktun 20. desember 1980 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda hann.

Viðbótarsamningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 15. janúar 1981.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

C 1

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.